

**Nr. 20-065 S 049 Baldur****Vélarbilun**

Skipaskr.nr. 2887  
IMO 7804962  
Smíðaður: Noregur 1979, stál  
Stærð: 1677 bt  
Mesta lengd: 68,30 m Skráð lengd: 63,47 m  
Breidd: 11,60 m Dýpt: 4,20 m  
Vél: MAN B&W 1840 kW, 1994  
Fjöldi skipverja: 10  
Farþegar: 140



Baldur©Sæferðir

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 29. júní 2020 var ferjan Baldur á siglingu við Álasker á leið til Flateyjar. Veður: NA 10 til 15 m/s.

Á siglingunni varð vélstjórinn var við ventlaglamur á einum strokk aðalvélar og var álagið á vélinni minnkað og siglt á hálfu afli til Flateyjar. Þegar slegið var alveg af við beygjuna inn í Flatey gaus upp mikill svartur reykur úr skorsteini skipsins. Togarinn Hringur SH 153 var fenginn til að draga Baldur til Stykkishólms og komu skipin þangað daginn eftir.

**Við rannsókn kom fram:**

- að afgasventill á strokk númer B1 brotnaði og fór inn í aðra túrbínuna með þeim afleiðingum að túrbínan var dæmd ónýtt;
- að aðalvélin var af gerðinni Alfa frá MAN B&M, V12 með tveimur túrbínum frá sama vélaframleiðanda.
- að mikil hitamyndum varð í strokki B1 eða um og yfir 600°C þegar atvikið átti sér stað. Við skoðun reyndist eldsneytislokinn ekki vera í lagi;
- að tveimur mánuðum áður hafði aðalvélin verið ventlastíllt og eldsneytislokarnir prófaðir;
- að keyrslutími á strokklokum frá upptekt var innan við 8.000 klst.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins var að afgasventill brotnaði. Ekki liggur fyrir hvort eldsneytisloki hafi bilað og ventillinn brotnað þess vegna.